

brunann, og allan sakarkostnað, þar með 20.00 kr. til hvors talsmanna sinna.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Þvi dæmist rétt vera:

Ólafur Sveinsson Siglufirði sæti 2ja ára betrunarhúsvinnu, Júlíus Einarsson Siglufirði sæti 1 árs betrunarhúsvinnu, en þær Lilja Júlíusdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir 8 mán. betrunarhúsvinnu, en refsing Lilju Júlíusdóttur og Ingibjargar Guðmundsdóttur skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin. Öll hin ákærðu greiði Brunabótafélagi Íslands in solidum kr. 295.00 fyrir tjón, er bruninn hefir valdið brunabótafélaginu. Svo greiði hin kærðu og málskostnaðarlaun (sic) til talsmanna sinna, Ólafur Sveinsson og Lilja Júlíusdóttir kr. 20.00 til talsmanns síns, Jóns Sigurðssonar lögfræðings, og Júlíus Einarsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir kr. 20.00 til talsmanns síns, Jóns Jóhannessonar málaflutningsmanns, og öll hin ákærðu greiði in solidum allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. júní 1938.

Nr. 126/1937. **Valdstjórnin** (Theodór B. Lindal)
gegn

Einari Sigurðssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Tollur af innlendri vöru.

Dómur hæstaréttar.

Í réttarprófum málsins er vörugerð sú, sem rannsóknin er risin út af, talin rekin af Vöruhúsi Vestmannaeyja h/f, sem virðist vera hlutafélag, en í

sakargögnum þeim, sem fyrir liggja, finnst ekki örugg fræðsla um félag þetta né samband kærða við það, önnur en sú, að kærði hefir haft á hendi stjórn vörugerðarinnar. Það er nú ljóst, að kærður hefir gerzt valdur að misferli því, sem lýst er í héraðsdóm-inum, þ. e. vanrækslu á að afla leyfisbréfs samkv. 1. gr. laga nr. 50/1927, misbrestum á bókhaldi samkvæmt 5 gr. rgj. nr. 9 1935 og afhending vara án þess að tollur væri greiddur samkvæmt 4. gr. nefndra laga, og ber því að refsa honum fyrir það samkvæmt 7. gr. téðra laga. Þykir refsingin hæfilega ákveðin 350 króna sekt, sem afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hinsvegar þykir ekki verða lagður dómur á það, hvort kærði beri ábyrgð á greiðslu tolls þess, sem hann er krafinn um í málinu, meðan ekki er vitað um aðstöðu hans til hlutafélagsins, og ber því að vísa tollkröfunni frá undirréttinum.

Eftir þessum málsúrslitum verður að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdómsins og dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Einar Sigurðsson, greiði 350 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kröfu á hendur kærða um greiðslu gjalds af innlendum tollvörum vísast frá héraðsdómi.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theodórs B. Lindal og Sveinbjarnar Jónssonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögreluréttar Vestmannaeyja 31. maí 1937.

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Einari Sigurðssyni kaupmanni, til heimilis Skólaveg 1 hér í bænum, fyrir brot gegn löggjöfinni um innlenda tollvörugærd.

Málavextir eru eftir því, sem upplýst er í málinu, sem hér segir:

Í byrjun marz mánaðar 1935 byrjaði kærður að reka sælgætisgerð hér í Vestmannaeyjum og réði hann til sin mann að nafni Jacob Martin Strauch til þess að starfa að sælgætisframleiðslunni, og starfaði hann að því þar til í lok júlímánaðar s. á. og vann auk þess hjá kærðum frá 1.—12. ágúst s. á. við að kenna stúlku að búa til sælgætisvörur, og vann hún eftir það að sælgætisframleiðslunni fyrir kærðan.

Þann 15. maí 1935 fékk kærður leyfi til slíkrar sælgætisframleiðslu og fékk jafnframt löggilta bók til þess að færa sælgætisframleiðsluna í.

Í aprilmánuði f. á. var hafin rannsókn vegna gruns um, að kærður hefði ekki greitt lögboðið gjald, nema af nokkrum hluta sælgætisframleiðslu sinnar.

Í framangreinda dagbók hafði, er rannsókn málsins hófst, verið fært 156 kg. af gjaldskyldu sælgæti og 35 ltr. af saft, og hafði kærður þann 3. júlí 1935 greitt kr. 28.20 gjald af 30 lítrum af saft og kr. 208.68 gjald af 111 kg. af sælgæti og þann 11. október s. á. greiddi kærður gjald af 43 kg. af sælgæti kr. 80.84 og gjald af 5 lítrum af saft kr. 4.70, en þar frá var dregið gjald af 10 lítrum af saft og af 8 kg. af konfekt, samtals kr. 25.14, sem talið var, að kærður hefði verið látinn greiða um of þann 3. júlí 1935, og greiddi kærður því í síðara skiptið aðeins kr. 60.40, og hafði þannig

aðeins greitt gjald af 146 kg. af sælgæti og 25 lítrum af saft, samtals kr. 297.28.

J. M. Strauch færði tollbókina þar til þann 3. júlí 1935, en frá þeim tíma færði kærður bók þessa sjálfur. Fyrsta færslan í bók þessari er dagsett þann 17. maí 1935, og eru allar færslur í dagbókinni dagsettar á tímabilinu frá þeim degi til 31. júlí s. á., nema að þann 14. október s. á. eru færð 2 kg. af sælgæti og þann 16. s. m. 1 kg. af sælgæti, en á tímabilinu frá 17. maí til 31. júlí eru flesta daga dagsettar einhverjar færslur, en bæði J. M. Strauch og kærður hafa borið, að ekki hafi verið fært daglega í bókina, heldur hafi þeir hvor fyrir sig fært eftir á í einu lagi allt, sem þeir færðu fyrir tímabilið til 31. júlí.

J. M. Strauch hefir borið, að kærður hafi skipað honum að færa ekki í tolldagbókina neitt af þeim vörum, sem framleiddar voru fyrir 17. maí 1935 og ekki nema lítinn hluta þeirra vara, sem framleiddar voru eftir þann dag, og kveðst hann af þeirri ástæðu hafa hætt færslu dagbókarinnar. Hann kveðst hafa, er hann afhenti sælgætisvörur, er hann hafði búið til, hafa fengið afhenta seðla, sem tilgreint var á verð varanna, en ekki magn, og samkv. skrá, sem hann hefir gert yfir þetta, telur hann verð sælgætisvara þeirra, sem hann bjó til, hafa verið alls kr. 9297.90 og meðalverð varanna hafi verið um kr. 6.00 pr. kg. og framliðsla því alls um 1500 kg. af tollskyldum sælgætisvörum, en auk þess kveðst hann hafa búið til um 300 lítra af saft.

Kærður hefir við rannsókn málsins játað að hafa framleitt af tollskyldum sælgætisvörum: 73 kg. í marzmánuði 1935, 67 kg. í aprilmánuði s. á., 98 kg. í maímánuði s. á., 79 kg. í júnimánuði s. á., 63 kg. í júlímánuði s. á., 28 kg. í ágústmánuði s. á., 17 kg. í september s. á., 11 kg. í október s. á., 10 kg. í nóvember s. á., 13 kg. í desember s. á., 19 kg. í janúar og febrúarmánuði 1936 (samtals) og 13 kg. í marzmánuði s. á., eða samtals 491 kg. En þetta magn varanna var þó hvergi fært í neinar bækur hjá kærðum að öðru en því, sem fært var í framangreinda tollvörudagbók og að framan greinir, en í frumbækur, sem haldnar voru vegna sælgætisgerðarinnar, var fært stykkjatala og verð sælgætisvara þeirra, sem afhentar voru frá sælgætisgerðinni til verzlana þeirra, sem vörurnar voru seldar í, og er framangreindur framburður kærðs um magn framleiðslunnar

byggður á því, að verð vara þessara hafi verið að meðaltali um kr. 10.00 pr. kg., en í frumbækurnar voru færðar sælgætisvörur fyrir samtals kr. 4910.00 samkvæmt framburði kærðs, en við nánari athugun kom í ljós, að í bækur þessar, sem fleiri vörutegundir en þessar eru færðar í, eru færðar tollskyldar sælgætisvörur fyrir aðeins kr. 4811.81. Þá hefir kærður og játað, að hann hafi framleitt 150 litra af saft.

Eftir að rannsókn máls þessa hófst, eða þann 16. maí f. á., greiddi kærður gjald af 125 litrum af saft, kr. 78.75, þ. e. aðeins 0.63 pr. liter, og af 345 kg. af konfektí kr. 648.60, eða samtals kr. 727.35. En skömmu áður en rannsókn málsins hófst spurði Stefán Árnason lögregluþjónn kærðan um það, að tilhlutun lögreglustjóra, hvort hann hefði framleitt nokkrar tollskyldar vörur þá undanfarið, þ. e. meira en það, sem hann hafði áður greitt gjald af, og hefir nefndur lögregluþjónn borið sem vitni í málinu, að kærður hafi svarað því neitandi. Vitnið kveðst að visu ekki muna nákvæmlega, hvaða orð kærður hafi viðhaft í því sambandi, en hann hafi skilið kærða þannig, að hann hefði ekki framleitt neinar slíkar vörur þá undanfarið (þ. e. ekki aðrar en hann hafði greitt gjald af).

Vitni þetta hefir staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sínum.

Kærður hefir kannazt við, að nefndur lögregluþjónn hafi spurt hann um framangreint atriði, en heldur fram, að hann hafi ekki neitað að hafa framleitt tollskyldar vörur þá undanfarið, en kveðst muni hafa gert lítið úr því.

Við rannsókn máls þessa gerði dómarrinn skrá yfir hinar gjaldskyldu vörur, sem kærður hefir framleitt, eins og þær eru taldar í frumbókum þeim, sem haldnar voru í sambandi við sælgætisframleiðsluna, og eru það ýmsar sælgætistegundir fyrir samtals kr. 4811.81, eins og að framan greinir, og hefir kærður viðurkennt, að sælgætisframleiðslan sé þar rétt talin, og að allar þær vörur, sem taldar eru á skrá þessari, séu gjaldskyldar sælgætisvörur, sem greiða beri af kr. 1.88 pr. kg.

En þrátt fyrir það þó kæmu fram í málinu upplýsingar, sem bentu til þess, að verð sælgætis þess, sem kærður hafði látið búa til og selt, hafi ekki verið eins hátt pr. kg. og kærður hefir haldið fram og þungi varanna því meiri en

kærður hélt fram, vildi kærður eigi kannast við, að verðið hefði verið lægra, og hélt eindregið fram, að verð varanna hefði verið um kr. 10.00 pr. kg. og magn varanna aðeins 491 kg.

Dómarinn tilnefndi því þá Guðjón Hafstein Guðnason tollgæzlumann og Sigurð Bogason verzlunarmann til þess að athuga verðlag hér í bænum á slíkum vörum sem kærður hafði framleitt, miðað við þyngd, til þess að sjá, hve mikil sælgætisframleiðsla kærðs hafi verið, miðað við þyngd og miðað við það, sem upplýst er í málinu um, fyrir hve mikið kærður seldi sælgæti, sem hann hafði sjálfur látið framleiða, og samkvæmt skriflegri skýrslu, sem nefndir menn hafa gert um þetta og sem lögð hefir verið fram í málinu, telja þeir þunga varanna, miðað við hæsta verð, sem talizt geti eðlilegt samkvæmt upplýsingum, sem þeir hafi aflað sér um verðlag á slíkum vörum, hafi verið að minnsta kosti 760.836 kg.

Menn þessir hafa báðir verið yfirheyrðir sem vitni í málinu og hafa þeir báðir staðfest framangreinda skýrslu fyrir rétti og hafa báðir borið, að þeir hafi við að finna meðalverð það pr. kg. á hverri sælgætistegund, sem lagt er til grundvallar í framangreindri skýrslu, fengið upplýsingar um verð á slíkum vörum í öllum þeim verzlunum hér í bænum, sem hafa slíkar vörur til sölu, þar á meðal í tveim brauðsölubúðum, en í slíkum búðum sé verð á sælgætisvörum, sem þar er selt, yfirleitt hærra heldur en hjá venjulegum matvöruverzlunum, sem selja sælgæti ásamt ýmsum nauðsynjavörum, og hafa vitni þessi borið, að þeir hafi beitt fyllstu nákvæmni við viktun varanna, og að þungi vara þeirra, sem kærður framleiddi, sé í framangreindri skýrslu þeirra talin eins og þeir telji, að hann hljóti að hafa verið að minnsta kosti, miðað við það, sem upplýst er um, fyrir hve mikið kærður seldi slíkar vörur.

Bæði framangeind vitni hafa staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sinum.

Þessi framburður framangreindra tveggja vitna er í samræmi við framangreindan framburð J. M. Strauch og að mestu leyti í samræmi við 2 vottorð, sem lögð hafa verið fram í málinu eftir ósk kærða. Það þykir því bera að leggja framburð vitna þessara til grundvallar í málinu og telja sannað, að kærður hafi á framangrendum tíma framleitt 760.836 kg.

af gjaldskyldum sælgætisvörum, sem telst í sambandi við toll-greiðslu 761 kg.

Við framangreinda athugun dómarans á frumbókum þeim, sem haldnar voru við sælgætis- og efnagerð kærðs kom í ljós, að fært var í frumbækur þessar sem framleitt og afgreitt frá efnagerðinni til verzlunar kærðs o. fl. 394 $\frac{1}{8}$ liter af saft. Kærður heldur fram, að 173 $\frac{3}{4}$ litrar af saft, sem fært var í frumbók þann 30. apríl 1935 sem afhent til „Vöruhússins“, sem var ein af verzlunum kærðs, hafi ekki verið afhent verzlun þessari þá, en hafi síðar verið látin á flöskur og því næst send til verzlana kærðs smámsaman, og hafi saft þessi þá verið færð á ný í frumbækurnar, jafnóðum og hún var afhent, og því verið tvífærð í frumbækurnar, og tvífærð efnagerðinni til tekna í viðskiptareikningi í viðskiptamannahöfuðbók kærðs.

Við rannsókn málsins var viðskiptareikningur þessi athugaður (sýndur í rétti), og kom í ljós, að þann 12. ágúst 1935 hefir efnagerðinni verið fært til skuldar 233 flöskur, eða 174 $\frac{3}{4}$ litrar af saft, sem samkvæmt því, sem fært hefir verið í reikninginn, hefir þá verið talið tvífært og eftir atvikum þykir bera að leggja framangreindar upplýsingar, sem fyrir liggja um þetta, til grundvallar og lita svo á, að 174 $\frac{3}{4}$ litrar af saft hafi verið tvífært í framangreindar frumbækur, og ber því að draga það frá framangreindu magni saftarinnar.

Þá heldur kærður því fram, að þann 31. ágúst 1935 hafi efnagerðinni verið fært til skuldar andvirði 80 $\frac{1}{2}$ liter af saft, sem skilað hafi verið aftur til efnagerðarinnar vegna þess, að hún hefi reynzt ónothæf, og sést af framangreindum viðskiptareikningi í viðskiptamannahöfuðbók kærðs, að nefnd upphæð er nefndan dag færð efnagerðinni til skuldar vegna saftar, sem skilað hafi verið aftur, en magn saftarinnar er ekki fært í viðskiptamannareikninginn, en kærður heldur fram, að þetta sé 80 $\frac{1}{2}$ liter af saft, sem efnagerðinni var fært til tekna þann 1. júlí 1935 fyrir nefnda upphæð, en sú færsla er bæði í frumbók og í umræddum viðskiptareikningi, og er skrifað í frumbókina við færslu þessa: „Færist til baka“, og heldur kærður fram, að saft þessi hafi í raun og veru verið ónýtt, og hafi efnagerðin því verið skulduð um upphæð þessa.

Þá heldur kærður og fram, að auk þess, sem að framan greinir, hafi 33 litrar af saft þeirri, sem færð er í frum-

bækur efnagerðarinnar sem afhent til verzlana, reynzt ónothæf, en saft þessi er þann 22. maí 1936 færð efnagerðinni til skuldar í frumbókum, sem haldnar voru í einni af verzlunum kærðs, og heldur kærður fram, að þetta hefi verið fært þannig vegna þess, að saftin hafi reynzt ónothæf.

Þar eð saft þessi, sem kærður þannig heldur fram, að hafi verið ónothæf, upphaflega var færð í bækur efnagerðarinnar sem saft framleidd hjá efnagerðinni, og gera verður ráð fyrir, að athuguð hafi verið, að saftin væri nothæf, áður en hún var afgreidd þannig til búða til sölu sem verzlunarvara, og með tilliti til þess, að kærður færði mjög rangt í tolldagbókina, það sem hann færði í hana, og vanrækti innfærslur í hana, verður framangreindur framburður hans um, að saftin hafi frá upphafi verið ónothæf, ekki tekinn trúanlegur, þó svo virðist, sem kærður hafi, er efnagerðin var skulduð um saft þessa, af einhverjum ástæðum ekki viljað hafa hana til sölu, og verður að telja saft þessa tollskylda, og er það því þannig 219% litrar af gjaldskyldri saft, sem telja verður sannað, að kærður hafi framleitt.

Kærður hefir og borið, að sælgætisvörur þær, sem voru framleiddar í framangreindri sælgætisgerð, hafi oft verið ónothæfar vegna ófullkominna vinnubragða við tilbúning sælgætisins, en hann hefir ekki gert neina grein fyrir því, hve mikil brögð hafi verið að slíku. Einn starfsmaður kærðs, Oddgeir Kristjánsson, sem vann við afgreiðslu í einni af verzlunum kærðs, sem umræddar sælgætisvörur voru seldar í, hefir borið, að sælgætisvörur þessar hafi venjulega litið vel út og verið nothæfar, er þær voru afhentar frá sælgætisgerðinni og verið nothæfar þá, en hafi þolað illa geymslu, einkum ef heitt hafi verið í búðinni, og kveðst vitnið hafa álitnið, að það væri vegna ófullkomins tilbúnings, að vörurnar þoldu svo illa geymslu, en hann kveðst venjulega hafa fengið nýtt sælgæti í stað þess, sem skemmdist þannig í búðinni, og kveðst hafa ætlazt til þess, að það sælgæti, sem hann fékk þannig fyrir skemmt, væri ekki fært verzluninni til skuldar í frumbókum sælgætisgerðarinnar né í viðskiptareikningi, og kveðst ekki hafa orðið var við, að það væri gert, og kveðst vitnið þó hafa fylgzt með þessu.

Samkvæmt því, sem þannig er upplýst í málinu, verður eigi tekið tillit til framburðar kærðs um, að eitthvað af

framangreindum sælgætisvörum hafi verið ónothæft og eigi því að vera ógjaldskytt, enda hefir hann, eins og að framangreininir, eigi gert neina grein fyrir því, hve mikil brögð hann telji, að hafi verið að þessu.

Viðvíkjandi tollupphæð þeirri, sem kærður greiddi þann 16. maí 1936, heldur kærður því fram, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvort of lítið var fært í tolldagbókina eða ekki framangreindan tíma, sem hún var færð, og að eftir það hafi hann ekki fært neitt í bók þessa vegna þess, að framleiðslan hafi verið svo lítil, að honum hafi ekki þótt taka því að færa hana, og heldur fram, að hann hafi ekki fyrr en rannsókn máls þessa hófst kynnt sér sérstaklega, hve mikil framleiðslan var. En kærður hefir játað, að hafa látið viljandi hjá líða að færa í tolldagbókina vörur þær, sem framleiddar voru frá 1. maí til 16. maí 1935, og það, sem framleitt var frá 1. ágúst s. á., þar til rannsókn málsins hófst, að undanteknum framangreindum 3 kg. af sælgæti, sem fært er (eða dagsett) þann 14. og 16. október 1935.

Kærður hefir og borið, að framangreindur J. M. Strauch hafi, er byrjað var að færa tolldagbókina, haft orð á því, að ekki væri ástæða til þess að færa í tollbókina allar þær tollskyldar vörur, sem framleiddar væru, og að hann hafi þrátt fyrir það ekki skipt sér af því, hve mikið var fært í umrædda bók eða fylgzt með því, og að hann hafi, er hann færði sjálfur í tolldagbókina, ekki athugað, hve mikið hafi verið framleitt af tollskyldum vörum, heldur áætlað framleiðsluna, miðað við það, sem J. M. Strauch hafi áður fært í tollbókina, en það, sem kærður hefir fært í tollbókina fyrir tímabilið frá 4. júlí til 31. s. m. 1935, er tiltölulega mikið minna heldur en Strauch færði fyrir tímabilið frá 17. maí til 3. júlí s. á., þ. e. kærður hefir fært sem svarar rúmlega 1.453 kg. af tollskyldu sælgæti hvern dag, en J. M. Strauch hefir fært að meðaltali rúmlega 2.38 kg. af gjaldskyldu sælgæti hvern dag þann tíma, sem hann hefir fært tolldagbókina.

Rétturinn verður því að líta svo á, að kærðum hljóti að hafa verið ljóst, að bæði hann sjálfur og J. M. Strauch færðu minna í tollbókina heldur en framleiðsla tollskyldra vara nam í raun og veru þann tíma, sem bók þessi var færð, þ. e. frá 17. maí til 31. júlí 1935, og verður að álíta,

að það, að kærður færði þá og lét færa aðeins nokkurn hluta framleiðslunnar, og að hann færði ekki neitt af framleiðslunni á öðrum tíma, nema framangreind 3 kg., hafi verið gert í þeim tilgangi að komast hjá því að greiða lögboðinn toll af framleiðslunni, þó kærður greiddi framangreinda tollupphæð eftir að rannsókn var hafin út af þessu athæfi hans, og hann hlaut að sjá, að hann gat ekki komizt hjá að greiða meiri toll en hann hafði þá þegar greitt.

Með framangreindu framferði sínu hefir kærður brotið gegn 1. gr. laga nr. 50 frá 31. maí 1927, um innlenda tollvörugerð (rekstur tollvörugerðarinnar frá 1. marz til 16. maí 1935 án leyfis), gegn 2. gr. sömu laga sbr. 1. gr. laga nr. 70 28. desember 1934, gegn 4. gr. laga nr. 50 frá 1927, gegn 1. gr., 2. gr., 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 9 frá 22. janúar 1935, og þykir refsing hans, sem er fæddur þann 7. febrúar 1906 og hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot, hæfilega ákveðin 500 króna sekt til rikissjóðs, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Af framangreindum 3 kg. af sælgætisvörum, sem kærður færði í tolldagbókina þann 4. og 16. október 1935, verður honum eigi talið hera að greiða nema einfaldan lögboðin toll, þó hann vanrækti að greiða toll af vörum þessum þar til eftir að rannsókn máls þessa hófst. En af 612 kg. af sælgætisframleiðslunni, sem kærður færði ekki í tolldagbókina, og sem álita verður, að hann hafi reynt að komast hjá að greiða toll af, ber samkv. 7. gr. laga nr. 50 frá 31. maí 1927 að dæma hann til þess að greiða þrefaldan toll, en það er lögboðið gjald af sliikum vörum, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 70 frá 28. desember 1934, sbr. 1. gr. og 2. gr. laga nr. 73 frá 29. desember 1934, sbr. og 2. gr. laga nr. 82 frá 26. apríl 1935, kr. 1.88 pr. kg., alls kr. 3451.68.

Þá ber og einnig samkvæmt 7. gr. laga nr. 50 frá 1927 að dæma kærðan til að greiða þrefaldan toll af þeim 125 lítrum af saftframleiðslunni, sem ekki var fært í tolldagbókina, en það verður, þar eð lögboðið gjald af saft framleiddri innanlands er samkv. framangreindum lagaákvæðum kr. 0.94 pr. líter, kr. 549.90. Hinn þrefaldi tollur, sem kærðum ber þannig að greiða af framangreindum vörum, nemur því samtals krónum 4001.08. Upp í að hefir kærður greitt eftir að rannsókn málsins hófst kr. 721.71 (auk gjalds

af framangreindum 3 kg. af sælgæti, sem fært hafði verið í tolldagbókina, en ekki greitt gjald af fyrr en eftir að rannsókn málsins hófst), og er það því tollur að upphæð kr. 3279.87, sem ber að dæma kærðan til að greiða.

Loks ber að dæma kærðan til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í málinu, Hinriks Jónssonar lögfræðings, er þykja hæfilega ákveðin kr. 80.00.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið, en í prófum málsins er gerð grein fyrir því, hvers vegna rannsókn þess var ekki lokið fyrr en gert var.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Einar Sigurðsson, greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði gjald af innlendum tollvörum kr. 3279.87.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í málinu, Hinriks Jónssonar lögfræðings, 80.00 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. júní 1938.

Nr. 136/1937. Guðmundur Þorvaldsson

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Guðrúnu Pétursdóttur

(Sveinbjörn Jónsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu útg. 3. nóvember 1937 og krafizt þess